

Pétur Ingi Haraldsson,  
Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs.  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



Reykjavík, 20. september 2013  
Tilvísun: UST20130700148/ksj

### **Skálabrekka við Þingvallavatn í Bláskógabyggð. Lindarbrekkugata, Unnargata og Guðrúnargata. Deiliskipulag frístundabyggðar**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. er barst 24. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skálabrekku er liggur að Þingvallavatni.

#### **Deiliskipulagssvæðið**

Svæðið sem tillagan nær yfir er 36 ha að stærð og er innan verndarsvæði Þingvallavatns. Aðkoma að ofangreindu svæði er frá Móakotsvegi og Lindarbrekkugötu. Í tillögunni er gert ráð fyrir 21 lóð undir frístundabyggð, þar af eru 3 lóðir þegar byggðar.

#### **Vatnalög og hreinleiki vatns**

Umhverfisstofnun bendir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og markmið þeirra, sem eru að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Skv. reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns, skal tryggja að innan verndarsvæðis Þingvallavatns verði yfirborðsvatni eða grunnvatni ekki spillt eða það mengað, svo sem vegna jarðrasks, byggingar mannvirkja, búsetu, borunar eftir vatni o.s.v.frv. Að mati Umhverfisstofnunar er því ljóst að tryggja þarf að mengun verði ekki á framkvæmdasvæðinu, hvorki á framkvæmdatíma né í framtíðinni.

#### **Vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns**

Í niðurstöðum skýrslu um vöktun Þingvallavatns frá 2007, kemur það fram að vöktunin staðfestir að marktækar breytingar hafa átt sér stað í lífríki og efna- og eðlisþáttum Þingvallavatns undanfarna áratugi. Þingvallavatn hefur hlýnað, styrkur uppleysts nítrats (NO<sub>3</sub>) aukist í írennslinu, magn þörungasvifs (blaðgrænu a) aukist í vatnsbolnum og rýni vatns minnkað í kjölfarið.


### Fráveita


Skilmálar um fráveitu eru skýrir og gerir stofnunin ekki athugasemd við umfjöllun um fráveitu. Að mati Umhverfisstofnunar mætti setja í skilmála ákvæði um tæmingu rotþróa, þ.e. hve oft þarf að tæma rotþró.

### Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að farið sé varlega þegar skipulagðar eru fleiri frístundabyggðir á bökkum Þingvallavatns. Hér hefur verið farið yfir lög og reglugerðir er sett hafa verið til verndar Þingvallavatni ásamt vatnalögum, og er mikilvægt að mati stofnunarinnar að Þingvallavatn njóti þeirrar verndar sem lög og reglugerðir gera ráð fyrir.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

